



## AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Íþróttasvæði á Hellu

16.06.2021



## UPPLÝSINGAR

### SKJALALYKILL

2146-017-20-GRG-001-V01

### HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

### RÝNT

Ásgeir Jónsson

## Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra \_\_\_\_\_

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun \_\_\_\_\_

---

---

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu.  
Skipulagsuppráttur.

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>5</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	5
2.1.3	Deiliskipulag	5
2.1.4	Samræmi breytingar við gildandi áætlanir	6
<b>2.2</b>	<b>Minjar</b>	<b>6</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR</b>	<b>8</b>
<b>5.1</b>	<b>Skipulags og matslýsing</b>	<b>8</b>
<b>5.2</b>	<b>Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar</b>	<b>8</b>
<b>5.3</b>	<b>Skipulagsferli</b>	<b>8</b>

## 1 INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vegna stækkunar leik- og grunnskólans á Hellu er þörf á að færa íþróttavöll sem nú er innan skólasvæðisins. Byggð verður upp mjög góð íþróttaaðstaða fyrir frjálsar íþróttir og knattspyrnu, mögulega yfirbyggð, ásamt þjónustuhúsum, bílastæðum o.fl. Breytingin felur í sér að hluta af opnu svæði OP2 er breytt í íþróttasvæði. Íþróttasvæðið verður um 9 ha.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

## 2 FORSENDUR

Íbúum í Rangárþingi ytra hefur farið fjölgandi undanfarin ár. Alls bjuggu í sveitarfélaginu árið 2003 1.432 en árið 2021 voru íbúar orðnir 1.740. Á næstu árum er stefnt að uppbyggingu íþróttamannvirkja á Hellu. Stækka á grunnskóla og leikskóla til að mæta þeirri þörf sem hefur myndast vegna fjölgunar íbúa (barna) og til að bæta starfsumhverfi nemenda og kennara.

Til að skapa svigrúm fyrir stækkun leik- og grunnskóla þarf að færa núverandi íþróttasvæði.

### 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

#### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

#### 2.1.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest 9. okt. 2019. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem opið svæði.

Um íþróttasvæði segir í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.3.6:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttastöðu í sveitarfélaginu.
- Aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar verði eflað enn frekar.

#### 2.1.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

#### 2.1.4 Samræmi breytingar við gildandi áætlanir

Breytingin er í samræmi við gildandi áætlanir.

## 2.2 Minjar

Aðalskráning fornminja er langt komin í sveitarfélaginu. Þekktar minjar eru innan svæðisins og skal taka tillit til þeirra við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á uppdrætti þéttbýlis á Hellu og á greinargerð.

### Breytingar á uppdrætti:

Opið svæði OP2 er minnkað og þess í stað sett inn íþróttasvæði Íþ7.

### Breytingar á greinargerð:

Texti um opið svæði OP2 í kafla 3.1.9 í gildandi greinargerð:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
OP2	Almenningsgarður	Almenningsgarður miðsvæðis í byggðinni. Er í góðum tengslum við skóla og íþróttasvæði. Á svæðinu er fjarskiptamastur og endurvarpi. Stærð svæðis er um 13 ha.

Texti um opið svæði OP2 í kafla 3.1.9 í greinargerð eftir breytingu:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
OP2	Almenningsgarður	Almenningsgarður miðsvæðis í byggðinni. Á svæðinu er fjarskiptamastur og endurvarpi. Stærð svæðis er um 5 ha.

Í breyttu skipulagi er bætt inn eftirfarandi texta um íþróttasvæðið Íþ7 í kafla 3.1.8:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
Íþ7	Íþróttasvæði	Íþróttasvæði norðan við skólasvæðið, gert verður ráð fyrir að núverandi aðstaða knattspyrnu og frjálsra íþróttar færast þangað. Heimilt er að vera með fjölbreytta aðstöðu fyrir íþróttir, sem getur eftir atvikum verið yfirbyggð. Einnig byggingar vegna tækja og áhalda til íþróttaiðkunar auk bílastæða og þjónustuhúsa s.s. til sturtu- og búningaaðstöðu. Hæð mannvirkja getur verið allt að 7 m. Heimilt er að vera með ljósamöstur innan svæðisins. Í deiliskipulagi skal setja skilmála um hæð þeirra, ljósmagn og notkunartíma. Stærð svæðis er um 9 ha.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Engu að síður er gerð grein fyrir líklegum áhrifum af breytingunni á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með breytingunni eykst rými til uppbyggingar við skólasvæðið á Hellu og bæta aðstöðu fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Sú íþróttastarfsemi utanhúss, sem nú er við grunnskólann færast norðar en er eftir sem áður í góðum tengslum við skólasvæðið. Breytingin skapar einnig svigrúm fyrir öfluga uppbyggingu íþróttastarfsemi því svæðið er rúmt afmarkað og verður stærra en núverandi svæði. Íþróttasvæðið kemur til með að nýtast fólki á öllum aldri og getur stuðlað að hreyfingu og bættri heilsu.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

### 5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing var kynnt vorið 2021. Umsagnir bárust frá Landsneti, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

### 5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun
- Landsnet

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.

### 5.3 Skipulagsferli


Breytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst haustið 2021 og taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í lok árs.




# Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028



Íþróttasvæði á Hellu



Breytt aðalskipulag



Gildandi aðalskipulag

SKIPLAGSGÖGN  
Skipulagsuppdráttur  
Greinargerð með forsendum  
og umhverfisskýrslu

KORTAGRUNNAR  
Loftmyndir frá Loftmyndum  
ISSÖv frá Landmælingum Íslands  
Hnitakerfi: ISN93

## SKÝRINGAR

### ATVINNA OG BYGGÐ

- IB** Íbúðarbyggð
- S** Samfélagsþjónusta
- Vp** Verslun- og þjónusta
- I** Iðnaðarsvæði
- M** Miðsvæði
- OP** Opin svæði
- Óbyggð svæði**
- ÍP** Íþróttasvæði

### SAMGÖNGUR OG VEITUR


- Stofnbraut og helgunarsvæði
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Reiðleið
- Undirgöng
- Raflína
- Rafstrengur
- Vatnsveita
- Hitaveita
- Fráveita
- Ljósleiðari
- Fjarskiptamastur

### VERND

- Friðlýstar fornminjar
- Fornminjar undir hverfisvernd

### TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Þéttbýlismörk
- Landamerki óstaðfest



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting á Hellu

VERK: 2146-017-20      BLADSTÆRD: A4      UNNID: IS      RÝNT:

MÆLIKVARÐI: 1:10.000      DAGS: 16.06.2021      DAGS.BREYT:

SAMÞYKKT: